

# Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 1-2020

*Staður:* Hvanneyri

*Tími:* fimmtudaginn 16. janúar 2020, kl. 13:30

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Þórey Gylfadóttir, Guðrún Eik Skúladóttir (í fjarfundi), Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir (í fjarfundi), Sunna Þórarinsdóttir (varamaður nemenda) og Halldór Þorgeirsson (í fjarfundi).

## Dagskrá

### 1. Skjalastefna

Drög lögð fram til kynningar og þau rædd.

Til samþykktar á næsta fundi.

Nýr skjalastjóri Sólveig Magnúsdóttir tekur til starfa í byrjun febrúar. Rætt um að fá hana inn á næsta fund og kynna verklagið betur.

### 2. Starfsreglur um háskólaráð

Drög lögð fram til kynningar og þau rædd. Óskað verður eftir athugasemdum á tölvupósti vel fyrir næsta fund. Til samþykktar á næsta fundi.

### 3. Breytingar á reglum um doktorsnámssjóð

Drög lögð fram til kynningar og þau rædd. Höldum áfram að vinna með þetta og verður ekki afgreitt fyrr en síðar á árinu.

### 4. Ályktun frá NLBHI

Umræða um ályktun frá NLBHI sem lögð var fram á háskólafundi 10. desember sl.

Háskólaráð tekur undir með nemendum að mikilvægt sé að allir aðilar samfélagsins bregðist strax við hættu sem er samfara loftslagsvá. Það er mikill vilji innan landbúnaðarins að ná betri tökum á þessu viðfangsefni. Skólinn er í lykilhlutverki í kennslu, rannsóknum og þróun á þessu sviði og það er stefna Lbhí að auka enn frekar vægi þessa málaflokks í starfi skólans á næstu misserum og þar með forystu í lausnum á þessu sviði.

### 5. Samningur við ANR

Fundur með landbúnaðarráðherra og fulltrúa ANR um endurnýjaðan samning við Lbhí var haldinn 8. janúar sl. Ráðgert er að ljúka þeirri vinnu í febrúar.

### 6. Leigusamningur við Ríkiseignir

Ríkiseignir hafa farið fram á endurskoðun leigusamnings sem samþykktur var og staðfestur vegna 2019. Málið er í skoðun í samstarfi við MRN.

### 7. Skipun öryggisnefndar

Háskólaráð staðfestir skipun öryggisnefndar til tveggja ára. Nefndin er skipuð eftirfarandi fulltrúum:

- Börkur Halldór Bl Hrafnkelsson, öryggistrúnaðarmaður
- Fanney Ósk Gísladóttir, öryggistrúnaðarmaður



- Haukur Þórðarson, öryggistrúnaðarmaður
- Pétur Jónsson, öryggisvörður
- Símon Arnar Pálsson, öryggisvörður
- Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri, formaður nefndar

## 8. Innleiðing skipulagsbreytinga

Fyrsti deildarfundur var haldinn í öllum deildum í síðustu viku.

Gengið frá kosningu deildarforseta og varaforseta.

1. Ræktun og fæða: Þóroddur Sveinsson og Erla Sturludóttir til vara
2. Skipulag og hönnun: Sigríður Kristjánsdóttir og Kristín Pétursdóttir til vara (en gegnir stöðunni nú á meðan Sigríður er í rannsóknaleyfi).
3. Náttúra og skógur: Snorri Baldursson og Isabel C. Barrio til vara (en gegnir stöðunni í veikindum Snorra).

Fyrsti fundur framkvæmdastjórnar verður væntanlega í næstu viku (sameiginlegur fundur allrar framkvæmdastjórnar).

Verið er að vinna í að kjósa og/eða skipa í lögboðnar nefndir.

Umræða um vinnu verkefnahópa um starfsmenntanám skólans á vegum ráðuneytisins.

Rætt hvernig háskólaráð getur eflt samstarf við starfsgreinarnar og stuðlað að jákvæðri umræðu um framtíð garðyrkjunámsins, sem háskólaráð telur mjög mikilvægt.

## 9. Önnur mál

- a) Lbhí hlaut tvo styrki úr Rannsóknasjóði, Erla Sturludóttir leiðir öndvegisverkefni sem hlaut 51,4 m.kr. og Pavla Dagsson Waldhauserová hlaut nýdoktorsstyrk upp á 7,7 m.kr.
- b) Mjög gott hvað starfsfólk skólans hefur verið duglegt að koma skólanum á framfæri. Fálkaorða Guðríðar Helgadóttur var einnig mjög vel verðskulduð og er heiður fyrir starf skólans í heild.
- c) Nemendafélagið.
  - a. Þarf að gera breytingar á stöðum í nemendaráði vegna fjölgunar deilda.
  - b. Seta í stjórn LÍS (Landssamband íslenskra stúdenta) verður hluti af starfsskyldum nemendafélags Lbhí. Óskað eftir að skólinn greiði þóknun fyrir þessa vinnu. Málinu vísað til rektors og fjármálastjóra til frekari afgreiðslu.
- d) Málefni heimasíða undir Lbhí þar sem lykilstarfsmaður lætur af störfum um næstu mánaðamót. Nýr skjalastjóri mun taka hluta af þessari vinnu en síðan verða tæknimálin leyst í framhaldinu.

## 10. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 25. febrúar kl. 13:00 á Keldnaholti

Fundi slitið kl. 15:55

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

